

Nr. 5.

1. febr.

Lög

um

heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af
Norðurálfuófriðnum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Meðan norðurálfuófriðurinn stendur, heimilast landsstjórninni að gera ráðstafanir þær til að tryggja landið gegn afleiðingum af honum, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Landsstjórninni heimilast, ef þörf gerist:

1. Að kaupa frá útlöndum fyrir landssjóðs hönd hæfilegar birgðir af nauðsynjavöru, svo sem korni, kolum, salti, steinolíu, vjelaolíu, veiðarfærum, læknislyfjum o. s. frv.
2. Að verja til slíkra kaupa handbæru fje landssjóðs, er hann má missa frá öðrum lögmætum útgjöldum.
3. Ennfremur að taka lán, eftir því sem nauðsyn krefur, til slíkra kaupa.
4. Loks að taka í sínar hendur alla verzlun, ef á þarf að halda, á einstökum vörutegundum, innlendum eða útlendum.

Landsstjórnin hlutast til um eftir megni, að vöruforði sá, er hún kaupir samkvæmt ákvæðum laga þessara, komi hinum ýmsu hjeruðum landsins að sem jöfnustum notum, eða eftir sjerstökum þörfum á hverjum stað og heimilast landsstjórninni að heita þeim, sem búa utan Reykjavíkur, sanngjarnri ívilnun eða uppbót á kostnaði við að senda vöruna milli hafna eða staða umhverfis landið.

3. gr.

Landsstjórninni er og heimilt að leggja bann, að einhverju leyti eða öllu, við útflutningi eða sölu úr landi á aðfluttum vörum, ef slíkt skyldi reynast nauðsynlegt. Þó er heimilt að birgja upp skip, er sigla frá Íslandi, til næstu erlendrarr hafnar, sem það ætlar að koma á, svo og fiskiskip, meðan þau stunda fiskveiðar við Ísland.

Á sama hátt heimilast landsstjórninni að leggja bann við útflutningi íslenzkra matvæla, ef ástæða er til að óttast matvælaskort í landinu.

Bannað er að flytja út úr landinu mör og tólg.

Nr. 5.

Ennfremur má landsstjórnin, ef almenningsþörf í einhverju byggðarlagi 1. febr. eða í landinu í heild sinni krefur, taka eignarnámi matvæli og eldsneyti hjá kaupmönnum, framleiðendum eða öðrum, gegn fullu endurgjaldi.

Ennfremur heimilast landsstjórninni að leggja bann við tilbúningi verzlunarvöru, sem nauðsynleg matvæli eru notuð til, án þess að verzlunarvaran sjálf geti talist til nauðsynjavöru.

4. gr.

Landsstjórnin ákveður, ef með þarf, með reglugerð eða reglugerðum, hvort, hvenær og hvernig gera skuli framangreindar ráðstafanir, þar á meðal hvernig ráðstafa skuli birgðum þeim, sem keyptar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, eða teknar eignarnámi og hvernig skuli selja þær. Má verja til þessa fje úr landssjóði, ef með þarf.

5. gr.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, er landsstjórnin gerir með heimild í lögum þessum, ákveður landsstjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga, um leið og hver ráðstöfun er gerð. Landsstjórnin getur krafist þess, að viðlögðum sektum, að einstakir menn eða fjelög gefi henni þær skýrslur um birgðir af vörum og um vöruþörf, er henni þykir þurfa, til framkvæmdar ráðstöfunum þeim, sem heimilaðar eru í lögum þessum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 1. febrúar 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.